

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1992

Nr. 357

712

1. október 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, staðgreinireitur 1.340.101.

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 23. september 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að landnotkun á staðgreinireit 1.340.101, (Laugarnesvegur 91), breytist úr athafnasvæði í stofnanasvæði.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 1. október 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 358

6. október 1992

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Digranesflaki.

1. gr.

Frá og með 8. október 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línnum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°58'N – 13°31'V
2. 65°58'N – 13°13'V
3. 66°00'N – 13°00'V
4. 66°10'N – 12°50'V
5. 66°10'N – 13°40'V
6. 66°00'N – 13°40'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ**um bann við línuveiðum á Flákanum.**

1. gr.

Frá og með 8. október 1992 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°14'N – 24°39'V
2. 65°07'N – 24°13'V
3. 65°11'N – 23°48'V
4. 65°19'N – 24°03'V
5. 65°25'N – 24°30'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.